

4 af hundraði frá sáttakærudegi 12. júní f. ár, þangað til upphæð þessari er lokið, en að öðru leyti á hinn áfrýjaði aukarjettardómur að vera óraskaður, einnig að því er snertir ákvæði um málskostnað fyrir undirrjetti. Eftir þessum úrslitum málsins á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, prófastur Jón Guttormsson, greiði áfrýjandanum, Guðmundi Jakobssyni, 499 kr. 43 aur. með 4% vöxtum frá 12. júní f. ár, þangað til upphæðinni er lokið. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði aukarjettardómur að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans; ella sæti stefndi aðför að lögum.

Mánudaginn 8. nóvembermán.

Nr. 22/1886

Hið opinbera

gegn

Sölva Thorsteinsen.

D ó m u r:

Það er löglega sannað með eigin játningu hins kærða, hafnsögumans Sölva Thorsteinsens á Ísafirði, að hann hefur haft um hönd veitingar í Ísafjarðarkaupstað frá 14. maí til 12. júlí þ. á., er hlut-

aðeigandi lögreglustjóri bannaði honum það. Þóttist hann hafa heimild til þess samkvæmt leyfisbrjefi, er amtmaðurinn í Vesturamtinu gaf honum 10. júlí 1869, og samkvæmt hverju hann um allmörg ár hafði veitingasölu á Ísafirði. Vorið 1877 flutti hann búferlum úr Ísafjarðarkaupstað að Staðarbakka í Helgafellssveit, en ljet annan mann halda áfram veitingum af sinni hendi, þangað til um vorið 1878; en þá seldi hann hús sitt í Ísafjarðarkaupstað Teiti nokkrum Jónssyni, og fjekk Teitur leyfisbrjef hjá amtinu til þess að hafa veitingar um hönd, og er það dagsett 21. ágústmán. 1878. En eins og áður er sagt, tók hann í vor er leið aptur upp veitingar í Ísafjarðarkaupstað. Áleit lögreglustjóri hann breyta heimild til þess, bannaði honum að halda áfram veitingunum, og höfðaði opinbert mál gegn honum, og var það dæmt 6. ágústmán. þ. á. með þeim úrslitum, að hinn kærði skyldi greiða 12 kr. sekt til fátækra sjóðs Ísafjarðarkaupstaðar, og allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Þessum dómi hefur að beiðni hins kærða verið skotið til yfirdómsins

Þegar hinn kærði vorið 1878, ári eptir að hann flutti frá Ísafirði, seldi öðrum manni veitinga- og gistingahús sitt þar á staðnum, hætti hann að nota rjett þann, er leyfisbrjefið frá 10. júlí 1869 heimilaði honum, enda fullnægði hann eigi upp frá því þeim skilmálum, er veiting leyfisbrjefsins var bundin, og með því að annar maður, einmitt sá sami, er keypti veitingahús hans, þá skömmu síðar fjekk amtsleyfi til veitinga á Ísafirði, verður yfirdómurinn að vera á sama máli og undirdómarinn um það, að leyfisbrjef hins kærða hafi gengið úr gildi, þegar er hann hætti

að hafa veitingahús á Ísafirði, og að hann þess vegna því að eins hefði mátt byrja að reka þar þessa atvinnu aptur, að hann af nýju fengi leyfisbrjef amtsins til þess, sbr. tilsk. 17. nóv. 1786, 10. grein. Þar sem hann nú eigi gjörði það, hefur hann án heimildar haft veitingar um hönd í sumar er leið og getur því eigi komizt hjá að greiða sekt samkvæmt tilsk. 13. júní 1787 II. kap., 2. gr., sem þykir hæfilega metin af undirdómaranum 12 kr., og renni öll í hlutadeigandi fátækra sjóð, með því að uppljóstarmaður hefur enginn komið fram í sökinni. Svo ber og hinum kærða að greiða allan málskostnað fyrir undirrettum og yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Kærði, Sölvi Thorsteinsen, á að greiða 12 kr. sekt til fátækra sjóðs Ísafjardarkaupstaðar. Svo ber honum og að greiða allan kostnað af máli þessu bæði fyrir undirrettum og yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Jóns Jenssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.